

Starfsskýrsla um árið 2013
lögð fram á ársfundi 27. maí 2014

Stjórn og starfsmenn

Ársfundur Sagnfræðistofnunar 2012 var haldinn 17. maí 2013. Ný stjórn var þá kjörin. Í stjórn stofnunarinnar 2013-14 sátu: Anna Agnarsdóttir, forstöðumaður, Ragnheiður Kristjánsdóttir, lektor í sagnfræði, fyrir hönd kennara og Ólafur Arnar Sveinsson fyrir hönd doktorsnema. Um haustið hélt Ólafur til útlanda og Margrét Gunnarsdóttir tók við sem fulltrúi doktorsnema. Stjórnin hélt fimm formlega og nokkra óformlega fundi á árinu. Fulltrúi stúdenta ritaði fundargerðir. Forstöðumaður er jafnframt fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórn Hugvísindastofnunar og sótti fundi á þeim vettvangi (eða varamaðurinn, Ragnheiður, mætti). Kristbjörn Helgi Björnsson, meistaranemi í sagnfræði, var starfsmaður stofnunarinnar. Hann sinnti ákveðnum verkefnum fyrir Sagnfræðistofnun, eins og að sjá um bókakost stofnunarinnar, uppfærslu *Söguslóða*, skráningu nemendaritgerða o.s.frv. en stærsta verkefni hans árið 2013 var að ritstýra ráðstefnuriti Íslenska söguþingsins 2012. Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri hjá Hugvísindastofnun, hefur umsjón með fjárreiðum Sagnfræðistofnunar.

Fjárhagur

Yfirlit yfir fjárhag ársins 2013 var lagt fram á fundinum ásamt ársskýrslu. Bein fjárveiting frá Hugvísindastofnun var að vanda kr. 500 þúsund kr. Auk þess fékk stofnunin styrki og mótframlög frá Hugvísindastofnun, 1.746.000 kr. (sem var talsverð lækkun frá árinu áður) og tæplega 375.000 kr. vegna samnings við *Scandinavian Journal of History*. Stofnunin stendur ekki eins vel fjárhagslega og hún gerði árið áður, en skuldir vegna bókaútgáfu eru miklar. Fjárhagsstaða Sagnfræðistofnunar í árslok 2013 er rúmar 4 milljónir kr. í plús, milljón minna en í árslok 2012. Reikningar vegna útgáfu bókar Þorleifs Friðrikssonar verða fyrst greiddir árið 2014.

Föst verkefni

Söguslóðir

Guðmundur Jónsson óskaði eftir að vera leystur frá störfum sem umsjónarmaður vefsíðunnar *Söguslóðir* en enginn hefur viljað taka við henni. Kristbjörn Helgi hefur samt séð um að uppfæra hana.

Stjórnarsetur

Fyrir hönd Sagnfræðistofnunar situr Guðmundur Jónsson í fagraði Miðstöðvar munnlegrar sögu og Már Jónsson í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns, og fer hann þar með formennsku.

Verkefni

Saga íslenskrar utanlandsverslunar. Verslunarsöguhópurinn helt allmarga fundi á árinu og þrjú höfundar hafa skilað sínum hlutum.

Reykholtsverkefnið. Þrjár bækur eru á leiðinni, ein frá ráðstefnu sem haldin var í Reykholti í haustið 2013 um húsbyggingar í Reykholti (Helgi Þorláksson á þar grein) og önnur eftir Guðrúnu Sveinbjarnardóttur um kirkjuuppgröftinn. Loks er lokabindi með öllum helstu niðurstöðum eftir ýmsa höfunda. Ritstjórar þess Helgi og Guðrún luku ristjórnarvinnu við texta ritsins á árinu. Forlag í Danmörku hefur útgáfu til athugunar.

Bókaútgáfa

- a) Sagnfræðistofnun átti aðild að einni bók sem kom út á árinu, rit Ólafs Rastrick *Háborgin : menning, fagurfræði og pólitík í upphafi tuttugustu aldar*, sem byggir á doktorsritgerð hans.
- b) Óðinn Melsted var ráðinn til að undirbúa útgáfu á samtímafrásögnum Jörgens Jørgensen, sem varðveitt eru á handritadeild British Library. Útgáfan verður rafræn.

Rannsóknasjóður Sagnfræðistofnunar

Á árinu 2013 var úthlutað úr Rannsóknasjóði Sagnfræðistofnunar. Hámarkskupphæð styrks var 50.000 kr. Flestallir kennarar nýttu sér þennan kost. Hvort styrkir verða veittir árið 2014 hefur ekki enn verið ákveðið.

Önnur starfsemi

- 1) ***Háskóli Íslands í 100 ár. Fortíð-samtíð-framtíð***. Hér er um að ræða málþing Sagnfræðistofnunar í framhaldi af útgáfu *Aldarsögu Háskóla Íslands 1911-2011* og

var það haldið 15. mars 2013 í Hátíðasalnum. Rektor Háskóla Íslands setti þingið og höfundar (Guðmundur Hálfðanarson, Sigríður Matthíasdóttir og Magnús Guðmundsson) sem og ritstjóri (Gunnar Karlsson) lýstu þróun og einkennum sögu Háskóla Íslands í hundrað ár. Tveir fræðimenn fluttu fyrirlestra um ritið: Ólöf Garðarsdóttir prófessor í sagnfræði: „Nám til aðgreiningar – nám til jöfnuðar? Hugleiðingar um *Aldarsögu Háskóla Íslands*” og Gísli Már Gíslason prófessor í líffræði: „*Aldarsaga Háskóla Íslands* frá sjónarhóli lesanda og starfsmanns“. Loks tóku við pallborðsumræður með þátttöku fulltrúa allra sviða, en þeir voru: Anna Soffía Hauksdóttir prófessor í rafmagns- og tölvuverkfræði (Verkfræði- og náttúruvísindasvið), Ólafur Páll Jónsson dósent í heimspeki (Menntavísindasvið), Torfi Tulinius prófessor í íslenskri miðaldafræði (Hugvísindasvið), Þórdís Kristmundsdóttir prófessor í lyfjafræði (Heilbrigðisvísindasvið), og Þórólfur Þórlindsson prófessor í félagsfræði (Félagsvísindasvið).

- 2) **Fyrirlestur:** Christophe Loir, prófessor í sagnfræði við Université Libre í Brussel. **26. September 2013.** „Borgarsaga: Menningarlandslag og gangstéttir”.
- 3) **Fyrirlestur: Dr. Rasmus Dalberg, Kaupmannahafnarháskóli.** „The Reversal of what is Expected” 10. Október 2013.
- 4) **Minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar.** Vegna þess að þremur virtum fræðimönnum var boðið til Íslands árið 2012 var ákveðið að draga í land 2013 en tilraun var gerð til að bjóða Lynn Hunt og Margaret Jacob vorið 2014. Þáðu þær boðið en ákváðu síðan að sleppa ferð sinni til Evrópu. William Cronon hætti einnig við fyrirhugaða ferð sína til Íslands.
- 5) *Gagnasafn um Dani á Íslandi*
Auðar Hauksdóttur, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við HÍ, leitaði eftir samstarfi stofnunarinnar við Sagnfræðistofnun HÍ og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn um að koma á fót gagnasafni er varðaði samskiptasögu Íslands og Danmerkur. Gagnasafnið myndi m.a. innihalda sendibréf, dagbækur og fundargerðarbækur félagasamtaka. Stjórn samþykkti að ganga til samstarfs um verkefnið og var samningur undirritaður, dagsetning vantar.
- 6) **Gestir:** Lara Hogg fornleifafræðingur koma sem gestur stofnunarinnar á vegum fornleifafræðinga og hafði aðstöðu í herbergi stofnunarinnar í Gimli.

Rannsóknir

Helsta starfsemi Sagnfræðistofnunar eru rannsóknir þeirra sem vinna við hana. Frá rannsóknum einstaklinga er aðeins sagt lauslega, enda gerð nákvæm grein fyrir þeim í *Ritaskrá Háskóla Íslands*:

Anna Agnarsdóttir hélt áfram með þau verkefni sem hún vinnur að fyrir Sagnfræðistofnun (verslunarsagan), Hakluyt Society í London, *The Banks Archive Project* og *The Hakluyt Edition Project*, (O.U.P) og sótti vinnufund varðandi það síðastnefnda í Southampton. Hún birti kafla í ritinu *East Anglia and its North Sea World in the Middle Ages* (The Boydell Press) og flutti fyrirlestra á Íslandi og í Kiel (um Kielarfríðinn 1814).

Eggert Þór Bernharðsson hélt einkum áfram með rannsóknarverkefnið „Sagan til fólksins. Margmiðlun og sagnfræði“. Þar eru kannaðir margvíslegir kostir á miðlun sögulegs efnis og mismunandi framsetningu eftir miðlum og fjallað um samspil ólíkra miðla.

Gavin Lucas In January I attended the joint Society of Historical Archaeology and Society of Post-Medieval archaeology conference in Leicester, UK and gave two papers, while in April I gave a paper at the Mellon colloquium on *Archaeology, Heritage and the Mediation of Time*, at the Institute of Fine Arts, New York. I also co-organized a session at Nordic TAG held in Reykjavik in April. Finally I gave departmental seminars at the universities of Chicago, Stockholm and Newcastle. I also published chapters in two edited volumes and the first volume of a new series I co-edit for Routledge called *Archaeological Orientations* was published. Finally, post-excavation work on the material from the Skálholt project continued over the summer.

Guðmundur Hálfðanarson lauk við fjóra bókarkafla og tímaritsgreinar á árinu 2013 og flutti nokkur erindi á innlendum og alþjóðlegum vísindaráðstefnum. Hann tók þátt í rannsóknarverkefni *Denmark and the New North Atlantic* með þverfaglegum hópi fræðimanna frá Danmörku, Færeyjum, Grænlandi, Íslandi, Noregi og Þýskalandi, en verkefnið er styrkt af Carlsberg-sjóðnum. Hann er einnig aðalritstjóri tímaritsins *Scandinavian Journal of History* sem er í eigu norrænu sagnfræðisamtakanna og kemur út hjá Routledge-forlaginu á Bretlandi.

Guðmundur Jónsson tók þátt í þremur rannsóknarverkefnum á árinu. Hið fyrsta snýst um notkun landupplýsingakerfa við rannsóknir á jörðum og kvaðakerfi á Íslandi á 18. öld; annað er verkefni innan Háskóla Íslands sem nefnist *Hvað einkennir íslenskt lýðræði? Starfsvenjur, gildi og skilningur*; þriðja er samstarf innan NORDWEL-öndvegsseturs um hugmyndasögu velferðarríkisins. Guðmundur fór í Erasmus-kennaraskiptum til Toulouse í Frakklandi í tæpa

viku og hélt fyrirlestur um Evrópustefnu Íslands. Meðal ritstarfa má nefna ritstjórn (ásamt Kolbeini Stefánssyni) bókarinnar *Retrenchment or renewal? Welfare states in times of economic crisis* (NORDWEL); og grein sem skrifuð var með Erni D. Jónssyni um íslenskan og norskan fiskiðnað eftir 1945 og birtist í *The Food Industries of Europe in the Nineteenth and Twentieth Centuries* (Ashgate).

Guðni Th. Jóhannesson, skrifaði eina bók *The History of Iceland* í bókarflokknum. The Greenwood histories of the modern nations (Santa Barbara, California: Greenwood, 2013) bókarkafli „Violence” (með Robert Gildea, Chris Reynolds og Polymeris Voglis) í *Europe's 1968. Voices of Revolt* (Oxford University Press), 258–279 og fræðigreini um bankahrunið á Íslandi sem birtist í *Söguþing 2012. Ráðstefnurit* (Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands: Reykjavík, 2013). Hann hélt fimm fyrirlestra, þar af einn við háskólann í Árósum.

Helgi Þorláksson Birti fræðilegan kafla í bók sem er lokabindi verkefnisins Norgesveldet, andmæli við doktorsvörn í *Sögu* grein um verslunarsögu á netinu og grein um menntun Snorra Sturlusonar í *Skírni*. Flutti sjö opinbera fyrirlestra, og samdi hinn áttunda sem var dreift í fjölríti á ráðstefnu erlendis.. Í stjórn Reykholtswerkefnis frá upphafi. Tók þátt í verkefnunum Saga íslenskrar utanlandsverslunar, *Sögu Breiðafjarðar* (með Sverri Jakobssyni og Oddnýju Sverrisdóttur) og Norgesveldet (í svonefndum kjarnahópi þess).

Ingi Sigurðsson vann einkum að rannsóknum á hugmynda- og menningartengslum Íslendinga og Norðmanna frá 1814 fram til síðari heimsstyrjaldar, rannsóknum á íslenzkri sagnfræði frá miðri 19. öld til samtímans og samanburðarrannsóknum á sögu Færeyja og sögu Íslands.

Kristjana Kristinsdóttir hélt áfram athugun á lénsmönnum og skjalasafni þeirra.

Már Jónsson birti grein um bréfaskriftir í Skáleyjum á Breiðafirði í lok 19. aldar (*Barðstrendingabók*) og aðra um leiksýningar og bindindishreyfingu á Ísafirði á sömu árum (*Ársrit Sögufélags Ísfirðinga*), auk tveggja ritdóma í tímaritinu *Sögu*. Í samvinnu við Gunnar Þór Bjarnason gaf hann út þýðingu á Johann Anderson, *Frásagnir af Íslandi*, á vegum Sögufélags. Hann hélt fyrirlestra á Hugvísindafingi, í Þjóðarbókhöllu, í Þjóðskjalasafni, á Laugum í Sælingsdal, við sumarskóla Árnastofnunar og á afmælisráðstefnu sömu stofnunar. Már er fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns.

Orri Vésteinsson hélt áfram rannsóknum sínum á landnámi og vann að ritun bókar um það efni. Hann stjórnaði úrvinnslu uppgrftar á Sveigakoti, gerði vettvangsrannsóknir í tengslum við rannsóknarverkefnið Gröf og dauði á Íslandi í 1150 ár og stjórnaði uppgrefti á Görðum á Grænlandi. Hann birti greinar um íslenska fornleifafræði í ritgerðasöfnum og tímaritum og hélt fyrirlestra á ráðstefnum í Tékklandi, Kanada, Bandaríkjunum og á Íslandi.

Ragnheiður Kristjánsdóttir Ragnheiður Kristjánsdóttir vann áfram að bók á ensku um sögu Íslands. Hún tók þátt í verkefni um lýðræði á Íslandi og hélt fyrirlestra og birti grein sem tengist því. Þá tók hún þátt í norrænu verkefni um verkalýðssögu og stofnun tengslanets um evrópska verkalýðssögu. Einnig vann hún að grein og tveimur bókarköflum sem tengjast sögu vinstrihreyfingarinnar á Íslandi. Önnur greinin birtist í tímaritinu *Moving the Social* haustið 2013, bókakaflarnir eru væntanlegir á prenti seinni hluta árs 2014.

Steinunn Kristjánsdóttir Steinunn hóf vinnu við nýtt rannsóknarverkefni en það miðar að því að skrá og kortleggja minjar um klaustrin fjórtán sem starfrækt voru á Íslandi á miðöldum. Farið var í fyrstu vettvangsferðirnar vegna þess á árinu á klausturstaðina að Bæ í Borgarfirði og Hítardal á Mýrum og minjar þar kortlagðar með fjarkönnunum, auk þess sem heimildir og gripir tengdir klaustrunum þar voru skráðir. Rannsóknin er styrkt af Rannís, Rannsóknarsjóði HÍ og ESB.

Námsbraut í fornleifafræði tók að sér að halda norrænu ráðstefnuna TAG á Íslandi árið 2013 og hafði Steinunn yfirumsjón með henni. Verkefnastjóri var Kristján Mímisson doktorsnemi í fornleifafræði. Ráðstefnan var haldin í apríl í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðminjasafn Dana á Grænlandi og Þjóðminjasafnið í Færeyjum og voru ráðstefnugestir um 200. Styrkir til hennar komu víða að, þ. á m. frá Sagnfræðistofnun, en einnig Nordisk Kulturfond, Clara Lachmans Fond og Letterstedtska.

Þá tók Steinunn þátt fyrir hönd Þjóðminjasafns Íslands í undirbúningi og opnun alþjóðlegrar sýningar, *CREDO-Christianiseringung Europas im Mittelalter*, sem opnuð var í Paderborn í Þýskalandi í júlí. Grein Steinunnar í tengslum við sýninguna: „Island wird christlich. Die Christianisierung Islands und ihre frühchristliche Kirchenanlage von Þórarinsstaðir im ostisländischen Seyðisfjörður“. *CREDO-Christianiseringung CREDO-Christianiseringung Europas im Mittelalter*, bls. 295-301. Paderborn: Michael Imhof Verlag. Bókaforlagið Brepols gaf út á árinu 2013 greinasafn um klaustur í Evrópu og átti Steinunn þessa grein í henni: „Crossing the Borders: Skriðuklaustur monastery on the frontiers of the Medieval Iceland“. *Monasteries on the Borders of Medieval Europe. Conflict and Interaction*, bls. 149-172. Einnig var birt grein Steinunnar, „Gjöf Sesselju og klaustrið á Skriðu“ í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2012* (útg. 2013) og greinin „Lyfjaglas eða lyfseðill? Deilan um gildi fornleifa og ritheimilda við rannsóknir á sögulegum tíma“, í dálknum „Viðhorf“ í *Sögu LI:1*(2013).

Steinunn er ritstjóri rannsóknarskýrsla Þjóðminjasafns Íslands og kom þessi skýrsla út árinu undir hennar ritstjórn: Guðmundur Ólafsson (2013). *Bessastaðarannsókn II. Kirkjugarður og miðaldaminjar, uppgriftarsvæði 12–15*. Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2013/2. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands. Auk þess að halda fjóra fyrirlestra á lokuðum fundum ýmissa félagsamtaka hérlendis, hélt Steinunn sex fyrirlestra á opinberum vettvangi á Íslandi á árinu, á Írlandi og í Osló.

Sverrir Jakobsson var einn þriggja útgáfenda *Hákonar sögu* sem kom út í tveimur bindum á vegum Hins íslenska fornritafélags. Þrjár greinar eftir hann birtust á árinu, í tímaritunum *Scandinavian Journal of History*, *Ritinu* og *Skírni*. Auk þess birtust tveir ritdómar eftir Sverri á árinu, í tímaritunum *JEGP* og *Sögu*. Hann flutti sex fræðilega fyrirlestra á árinu og sótti eina alþjóðlega ráðstefnu, „Byzantium and the Viking World. Seminar for Greek and Byzantine Studies“ við háskólann í Uppsölum. Hann stjórnaði þverfaglegu rannsóknarverkefni um Sögu Breiðafjarðar. Einnig vannur hann að útgáfu á Hamborgarbiskupasögu Adams frá Brimum og þátttakandi í nokkrum alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

Valur Ingimundarson Valur Ingimundarson stundaði rannsóknir á sviði samtímastjórnmála, stríðsátaka og pólitískra umbreytingarferla, sögu og minnis og landfræðistjórnmála norðurslóða. Hann hélt fyrirlestra um þessi efni á ráðstefnum í Shanghæ, St. Pétursborg, Tromsø, Nuuk og Reykjavík. Hann birti ásamt Rósu Magnúsdóttur greinina “The Practice of Arctic Governance – Historical and Contemporary Cases“ í *New Global Studies*; einnig kom út greinin “Mikson-málið sem fortíðarvandi: Stjórnmál minninga, þjóðarímyndir og hugmyndafræðileg viðmiðaskipti“ í *Sögu*. Loks skrifaði hann greinina “Cultures of Impunity and Accountability: International Responses to Mass Atrocities“, en hún birtist í ráðstefnuritinu “Cultures of Impunity and Accountability: International Responses to Mass Atrocities“, Conference Proceedings, Dialogue of Cultures: Values, Meanings, Communications, 13. Likhachov Scientific Conference (Háskólinn í St. Pétursborg). Hann tekur m.a. þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum m.a. á sviði stjórnmála og öryggismála á norðurslóðum, stjórnmála minninga og kalda stríðinu.